

49. gr.

8

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. 31. jan.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, sbr. lög nr. 41 5. apríl 1948, um breyting á þeim lögum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

S A M Þ Y K K T

9

um sýsluvegasjóð Austur-Skaftafellssýslu.

5. febr.

1. gr.

Í Austur-Skaftafellssýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslunni.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Bæjarhreppi:

Syðri-Fjarðarvegur, af Þjóðveginum að Syðra-Firði.

Í Hafnarhreppi:

Hafnarvegur, af Þjóðveginum yfir að Svalbarði, gegnum kaupúnið að sláturhúsinu.

Í Nesjahreppi:

Dilksnesvegur, frá Þjóðveginum að Hjarðarnesi og Dilksnesi.

Í Mýrahreppi:

1. Rauðabergsvegur, frá Þjóðveginum á Króksbakka, inn móa að Hlíðarbergi og Rauðabergi.
2. Einholtsgvegur, frá Þjóðveginum austan Brunnhólsár, út með Árbæ og Brunnhóli að Einholti.
3. Borgarvegur, af Þjóðveginum að Borg og Baldurshaga og nýbýlinu Nípugarði.

Í Borgarhafnarhreppi:

1. Borgarhafnarvegur, af Þjóðveginum að Borgarhöfn.
2. Brunnavegur, frá Þjóðveginum að Brunnum og Brunnavöllum.

Í Hofshreppi:

1. Kirkjuvegur, af Þjóðveginum að kirkju og skólahúsi.
2. Flugvallarvegur, af flugvellinum að Fagurhólsmýri.

Sýsluvegur nær ekki nema að heimatúni býlis. Þetta gildir þó ekki, þar sem sýsluvegur liggur gegnum tún jarða eða býlis, og ekki um flugvallarveginn að Fagurhólsmýri.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, og greiðist hann á manntalsþingi af ábúendum hvefrrar jarðar, en

9 af eigendum hveðrar lóðar eða húseignar í kaupúnum. Hreppsfélaginu er heimilt 5. febr. að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, enda sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmaetum sveitarfundi og tilkynning komi þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefnd ákveður, fyrir eitt ár í senn, upphæð skattsins. Má hann ekki vera lægri en 2% og ekki hærri en 12% af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minna af húsaveði. Með gjöldum til vegabóta má telja vexti og afborganir af lánnum, sem tekin eru til sýsluvega.

4. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs og skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar. Gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Sýslufundur semur áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi árs. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningi ásamt áætlun skal oddviti senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

5. gr.

Undanskildar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

6. gr.

Tillag úr ríkissjóði fær sýslusjóður eftir því, sem ákveðið er í gildandi lögum á hverjum tíma.

7. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Skaftafellsýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 5. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

10

REGLUGERÐ

11. febr.

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakaupún, nr. 18 3. febr. 1957.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni hækki um 50%.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 11. febrúar 1959.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.